ferill VERKFRÆÐISTOFA

**HÖNNUNARFORSENDUR:**
BYGGINGARREGLUGERÐ NR. 441/1998
DS 428
DS 447

UM ER AÐ RÆÐA ENDURBÆTUR Á LOFTRÆSINGU HEILSUGÆSLUNNAR SÓLVANGI. BREYTA Á LOFTRÆSINGU SEM FYRIR ER Í HÚSINU SAMANBER TEIKNINGAR VERKFRÆÐISTOFUNNAR VATNASKIL NR. 8316 -01 TIL -21 OG SETJA UPP NÝJA SAMSTÆÐU.

SKAMMSTAFANIR:

| | |
|---|---|
| IB | INNBLÁSARI |
| ÚB | ÚTSOGSBLÁSARI |
| LS | LOFTSÍA |
| SV | SÍUVAKT |
| SP | SPJALDLOKA |
| LM | LOKUMÓTOR |
| FL | FLÆÐILOKA |
| RL | REYKLOKA |
| ST | STILLILOKA |
| GL | GAUMLÚGA |
| RE | REGLIR |
| LH | LOFTHITARI |
| LK | LOFTKÆLIR |
| RK | RAKATÆKI |
| HG | HLJÓÐGILDRA |
| HN | HITANEMI |
| HS | HITASTILLIR |
| BV | BLÁSARAVAKT |
| FV | FROSTVÖRN |
| IR | INNTAKSRIST |
| ÚR | ÚTKASTRIST |




1 KASTHÁFUR DN400
KLÆDDUR MEÐ ALUZINK




2 INNTAKSHÁFUR DN500
KLÆDDUR MEÐ ALUZINK

**STOKKAR OG TENGISTYKKI:**
KANTAÐA LOFTSTOKKA OG TENGISTYKKI SKAL SMÍÐA ÚR GALVANHÚÐUÐUM STÁLPLÖTUM. ALLAR HLIÐAR SKAL STYRKJA MEÐ KROSSBROTI.
SAMSETNING STOKKA SKAL VERA MEÐ VERKSMIÐJUFRAMLEIDDUM FLÖNGSUM MEÐ BOLTUÐUM HORNSTYKKJUM OG ÞÉTTIBORÐUM.
KRAPPAR VINKILBEYGJUR SKULU VERA MEÐ STÝRIBLÖÐUM OG RADÍUSBEYGJUR MEÐ LEIÐIBLÖÐUM EF ÞARF.

SÍVALIR STOKKAR SKULU VERA VERKSMIÐJUFRAMLEIDDIR SPIRALVALSAÐIR ÚR GALVANHÚÐUÐUM STÁLPLÖTUM. TENGISTYKKI SKULU VERA ÚR SAMA EFNI OG STOKKAR MEÐ SMÍÐAMÁL SAMKVÆMT DS 1105.
TENGISTYKKI SKULU VERA ÚR SAMA EFNI OG STOKKAR MEÐ SMÍÐAMÁL SAMKVÆMT DS 1105.
INNBLÁSTURSSTOKKAR SKULU MINNST UPPFYLLA ÞÉTTLEIKAFLOKK B OG ÚTSOGSSTOKKAR ÞÉTTLEIKAFLOKK A SKV. DS 447 (VVS-AMA 72).

EFNISÞYKKTIR STOKKA:

| KANTAÐIR (mm) | EFNISÞYKKT (mm) | SÍVALIR (mm) | EFNISÞYKKT (mm) |
|---|---|---|---|
| ≤ 400 | 0,60 | ≤ 250 | 0,50 |
| 401-750 | 0,80 | 250-500 | 0,60 |
| 751-1400 | 1,00 | 501-800 | 0,80 |
| 1401-2200 | 1,25 | | |
| 2201-2500 | 1,50 | | |
| >2500 | 1,50+SÉRSTYRKING | | |

**FESTINGAR:**
KANTAÐIR STOKKAR SKULU HVÍLA Á ÁFÖSTUM EÐA UNDIRLIGGJANDI VINKLUM EÐA BRAUTUM.
FESTINGAR Á SÍVÖLUM STOKKUM SKULU VERA MEÐ FLATJÁRNSBAULUM EÐA SAMSVARANDI.
STOKKAR SKULU HENGDIR UPP MEÐ SNITTTEINUM OG FESTIR Í STEYPU EÐA BURÐARGRIND VEGGJA OG LOFTA Á 1. HÆÐ, Í ÞAKRÝMI SKAL FESTA STOKKA Í LOFTAPLÖTU.
SLÍTA SKAL HLJÓÐBURÐ OG VÍBRÍNG FRÁ BURÐARVIRKI MEÐ GÚMMÍ FESTINGUM .
ALLIR HLUTAR UPPHENGJA SKULU VERA ÚR GALVANHÚÐUÐU STÁLI EÐA GRUNNMÁLAÐAR.
MESTA FJARLÆGÐ MILLI UPPHENGJA ER 2 m.

**LOKUR:**
STILLILOKUR SKULU VERA ÚR ÁLI EÐA GALVANHÚÐUÐU STÁLI. LOKUR SKULU VERA MEÐ LÆSANLEGUM STILLIARMI MEÐ STÖÐUVÍSI. ÞÉTTLEIKI Á STILLILOKUM SKAL VERA SAMKVÆMT ÞÉTTLEIKAFLOKKI 3 SAMKVÆMT DS 447.

**LOFTHITARAR:**
LOFTHITARAR SKULU VERA FYRIR VATN MEÐ ÞRÝSTIÞOL 1000 kPa.
HITARAR SKULU FRAMLEIDDIR ÚR VERKSMIÐJUFRAMLEIDDUM EININGUM ÚR EIRRÖRUM MEÐ HITAÞYNNUM ÚR ÁLI.
HITARAR SKULU VERA Í KASSA ÚR GALVANHÚÐUÐU STÁLI OG ÞANNIG FRÁGENGIR AÐ LOFT STREYMI EKKI FRAMHJÁ HITAFLETI.
HITARAR SKULU UPPSETTIR FYRIR MÓTSTREYMI.




3 DÆMIGERÐ LOKUN Á GATI Í PLÖTU

**HLJÓÐGILDRUR:**
KANTAÐAR HLJÓÐGILDRUR SKULU VERA ÚR GALVANHÚÐUÐU STÁLI MEÐ SÖMU EFNISÞYKKTIR OG STYRKINGAR OG STOKKAR MEÐ SAMSVARANDI MÁL. HLJÓÐÍSOGSBAFFLAR SKULU VERA ÚR HARÐPRESSUÐUM STEINULLARPLÖTUM MEÐ ÁLÍMDUM DÚK ÚR NEOPHREN EÐA GLERTREFJAMOTTU Á ÞEIRRI HLIÐ SEM SNÝR AÐ LOFTSTRAUMN. SÍVALAR HLJÓÐGILDRUR SKULU VERA MEÐ 50 mm KÁPUEINANGRUN KLÆDD AÐ INNAN MEÐ GATAPLÖTUM.
UPPGEFIN MÁL ERU INNAN ÞVERMÁL OG LENGD.

**LOFTDREIFAR OG VENTLAR:**
LOFTDREIFARAR OG VENTLAR SKULU VERA VERKSMIÐJUFRAMLEIDDIR AF STAÐLAÐRI GERÐ FRAMLEIÐANDA.

DREIFARAR SKULU VERA ÚR ÁLI EÐA LÖKKUÐU STÁLI MEÐ HLJÓÐEINANGRUÐUM ÞRÝSTIBOXUM. HÁMARKSHLJÓÐSTIG FRÁ DREIFURUM ER 35 DB(A) VIÐ UPPGEFIÐ LOFTMAGN.

ÚTSOGSVENTLAR ERU HRINGLAGA, ÚR STÁLI EÐA ÁLI, MEÐ KEILU TIL STILLINGAR OG HVÍTLAKKAÐIR.
LOFTMÓTSTAÐA SKAL VERA STILLANLEG FRÁ 20 - 70 Pa OG HLJÓÐSTIG UNDIR 35 dB(A) VIÐ UPPGEFIÐ LOFTMAGN OG HÁMARKS MÓTSTÖÐU.

KERFISLÝSING KERFI 2

KERFIÐ ER INNBLÁSTURS- OG ÚTSOGSKERFI FYRIR ÝMIS RÝMI Á 1. HÆÐ. HLUTVERK KERFISINS ER AÐ SJÁ FYRIR LOFTSKIPTUM MEÐ ALMENNRI LOFTRÆSINGU OG AÐ SJÁ FYRIR KÆLINGU. GRUNNUPPHITUN ER MEÐ OFNAKERFI.

LOFTRÆSING ER MEÐ EINNI BLÁSARASAMSTÆÐU MEÐ INNBLÆSTRI OG ÚTSOGI, STAÐSETT Í ÞAKRÝMI. ÚTILOFT ER TEKIÐ GEGNUM RIST Á ÞAKI, SÍAÐ, FORHITAÐ Í VARMANÝTI OG BLÁSIÐ GEGNUM ,HLJÓÐGILDRUR, EFTIRHITARA, OG INN Í RÝMI GEGNUM DREIFARA.
ÚTSOG ER GEGNUM DREIFARA, LOFT ER SÍAÐ, LEITT Í GEGNUM VARMANÝTI OG BLÁSIÐ ÚT UM RIST Í VEGG.

SAMSTÆÐA ER MEÐ STÝRINGU OG HELST VIÐ AÐ HALDA FÖSTU INNBLÁSTURSHITASTIGI (14°C) INN Á STOKKAKERFIÐ.

VIÐ GANGSETNINGU OPNA LOKUMÓTORAR 2SM1 OG 2SM2 FYRIR SPJALDLOKUR 2SP1 OG 2SP2. BLÁSARAR 2IB1, 2ÚB1 OG VARMANÝTIR 2VN1 FARA Í GANG OG VIÐEIGANDI STÝRINGAR.

FORHITUN ER Í VARMANÝTIHJÓLI 2VN1 MEÐ INNBYGGÐUM HRAÐABREYTI 2HV1. SNÚNINGSHRAÐI STJÓRNAST AF STJÓRNSTÖÐ ÞANNIG AÐ HITASTIG SÉ STÖÐUGT Á INNSTILLTU GILDI. VIÐVÖRUN FRÁ ÁLAGS- OG SNÚNINGSVAKT VARMANÝTIS ER TENGD STJÓRNKERFI SEM OG FROSTVÖRN. VIÐ BILUN Í VARMANÝTI STÖÐVAST KERFIÐ, BILUNARLJÓS.

EFTIRHITUN ER MEÐ LOFTHITURUM (2LH1-4) MEÐ MÓTORLOKUM (2ML1-4) STJÓRNAST ÞANNIG AÐ HITASTIG VIÐ HITANEMA Í RÝMI SÉ STÖÐUGT Á INNSTILLTU GILDI.

INNBLÁSTUR KÆLIR ÞEGAR ÞÖRF ER Á. KÆLING VIRKAR ÞANNIG AÐ ÞEGAR LOFTHITI VIÐ HITANEMA 2HN3 ER YFIR ÓSKGILDI HÆGIR Á VARMANÝTI OG ÞANNIG LÆKKAR INNBLÁSTURSHITASTIG.

SÍUVAKT 2SÍ1-2 GEFUR VIÐVÖRUN FYRIR VIÐKOMANDI SÍU EF ÞRÝSTIMUNUR FER YFIR STILLT GILDI.

BLÁSARAR ERU VAKTAÐIR ÞANNIG AÐ EF ÞRÝSTIMUNUR YFIR BLÁSARA FER UNDIR STILLT GILDI STÖÐVAST BLÁSARAR. VIÐ ÚTSLÁTT STÖÐVAST KERFI, BILUNARLJÓS. EF ÞRÝSTIMUNUR YFIR VARMANÝTI FER YFIR STILLT GILDI FER VARMANÝTIR Á 50% AFKÖST. ENDURSETNING ER SJÁLFVIRK ÞEGAR ÞRÝSTIMUNUR HEFUR HÆKKAÐ.

EF HITASTIG VIÐ ELDVARNIR FER YFIR 40°C, STÖÐVAST BLÁSARAR 2IB1 OG 2ÚB1, LOKUMÓTORAR 2SM1, 2SM2 VIÐ SPJALDLOKUR 2SP1, 2SP2 LOKAST, BILUNARLJÓS.

**VIÐ BOÐ FRÁ BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI STÖÐVAST BLÁSARAR OG ALLAR LOKUR LOKAST.**

STJÓRNTAFLA OG STJÓRNTÖLVA ÁSAMT TILHEYRANDI BÚNAÐI FYRIR SAMSTÆÐU SKULU VERA SAMHÆFÐ OG FYLGJA SAMSTÆÐU.

SAMSTÆÐUR SKULU GETA BREYTT LOFTMAGNI OG HITASTIGI EFTIR KLUKKU OG DAGATALI.

ALLAR VIÐVARANIR TENGJAST STJÓRNTÖLVU, VIÐ BILUN EÐA GANGTRUFLUN KVIKNAR LJÓS OG TEXTI Á STJÓRNTÖLVU SÝNIR EÐLI BILUNAR.

ÁRITUN BYGGINGARFULLTRÚA
Samþykkt þann 19 JUL 2010
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

# SÓLVANGSVEGUR 2




**TÁKN Á TEIKNINGUM :**
HITAMÆLIR
LOKI (OPINN)
LOKI (LOKAÐUR)
STILLILOKI
RAFDRIFINN MÓTORLOKI
TENGING Í FRÁRENNSLI
ÞVERSNIÐ Í INNBLÁSTURSTOKK
ÞVERSNIÐ Í ÚTSOGSSTOKK
AAIBB xxx l/s INNBLÁSTUR AA= KERFIS NR., BB= NR., xxx = LOFTMAGN l/s
AAÚBB xxx l/s ÚTSOG AA= KERFIS NR., BB= NR., xxx = LOFTMAGN l/s
LOKA
BRUNALOKA
LOFHITARI
LOFTKÆLIR
RAKATÆKI
HLJÓÐGILDRA
LOFTSÍA
BLÁSARI
UH LOFTBIL UNDIR HURÐ

ÁRITUN AÐALHÖNNUÐAR: KT. 270152 68 6 P

| BR. | DAGS. | BREYTING | SAMÞ. |
|---|---|---|---|
| 3 | | | |

ferill VERKFRÆÐISTOFA

**SÓLVANGSVEGUR 2** HAFNARFJÖRÐUR
HEILSUGÆSLAN SÓLVANGUR
LOFTRÆSIKERFI
AFSTÖÐUMYND
ALMENNAR SKÝRINGAR, KERFISLÝSING

SAMÞYKKT: KT. 010345-40

| HÖNNUÐUR | YFIRFARIÐ | DAGS. ÚTG. | DAGS. BREYT. |
|---|---|---|---|
| DÞJ david@ferill.is | ÞAG | 08.07.10 | |

| MKV. | VERKNR. | VERKÞ. | TEIKN. NR. | BREYT. |
|---|---|---|---|---|
| | 10043 | 5 | 01 | |

Ferill ehf Mörkin 1 108 Reykjavík Sími: 575 200 Fax: 575 201 www.ferill.is